

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 24.—26. júní 1897.

Ár 1897, 24. dag júnímánaðar, var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn af forseta amtsráðsins, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðl. Guðmundssyni (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti, síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra Hálsi (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu), og varaamtsráðsmanni hjeraðslækni Páli Blöndal í Stafholtsey (úr Borgarfjarðarsýslu), en amtsráðsmaðurinn þaðan, síra Guðmundur Helgason prófastur í Reykholti hafði tjáð forseta forföll sín.

Forseti lagði fram skýrslur um kosning varaamtsráðsmanns úr Árnessýslu í stað síra Sæmundar prófests Jónssonar, sem var dáinn, fyrir það tímabil, sem eptir var af kjörtíma hans, sem sje til 31. maí 1901, og hafði kosningu hlotið síra Maguús Helgason á Torfastöðum. Amtsráðið fann ekkert við kosninguna að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
2. Reikningurinn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólaskjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, sem var framlagður, var falinn amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellssýslu og Árnessýslu til endurskoðunar.
3. Þar næst var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þjóðjarðalandseta í Suðuramtinu og ekkna þeirra, fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.
4. Forseti framlagði reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Árnessýslu til endurskoðunar.

Ennfremur lagði forseti fram brjef landshöfðingja, dags. 6. okt. f. á., þar sem hann samþykkir, að nefndum sjóði verði með áföllnum vöxtum skipt upp milli Rangárvallasýslu að  $\frac{2}{5}$  hlutum og Árnessýslu að  $\frac{3}{5}$  hlutum, til þess að bæta úr tjóni því, er nefndar sýslur höfðu orðið fyrir af jarðskjálftunum á síðastliðnu sumri, þannig, að hlutaðeigandi sýslunefndum skyldi falið, að úthluta fjenu til fátækra leiguliða, sem orðið höfðu fyrir mestum skaða við nefndan atburð. Jafnframt voru framlagðar skýrslur hlutaðeigandi sýslumanna um útbýting fjárlins.

5. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafundunina 1896—97 og reikning skólustjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1896/97.

Ennfremur var lagður fram reikningur kirkjunnar á Hvanneyri fyrir 1895—96.

15. dag júlímán. 1897.

95

Þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

6. Amtráðið sá sjer eigi fært, að gjöra nokkra breyting á þeirri fyrirskipun sinni frá fundinum 27.—29. júní 1895 (sbr. Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 191), að sýslunefndarfundir væru haldnir svo snemma, að allir reikningar og afgreiðslur, snertandi amtsráðið, og endurrit af gjörðabókunum væru komin til forseta ráðsins fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, en sýslunefndin í Árnessýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið vildi leyfa, að mál frá nefndinni til amtsráðsins þyrftu eigi eptirleidis að vera afgreidd til forseta ráðsins fyr en um lok maímánaðar.
7. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 27. nóv. f. á., sem hefir inni að halda tilkynning um, að cand. vetr. Magnús Einarsson væri skipaður dýralæknir í Suður- og Vesturamtinu, og áskorun til amtsráðsins um, að láta uppi tillögur sínar um bústað dýralæknisins, og um erindisbrjef handa honum, samkvæmt 1. og 5. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi. Ennfremur var framlagt brjef frá stjórnarnefnd Hvanneyrarskólans, dags. 2. þ. m., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vildi leggja til, að dýralæknirinn hefði aðsetur á Hvanneyri að minnsta kosti að vetrinum til eða frá 1. nóv. til 1. maí.

Forseti skýrði amtsráðinu frá þeirri niðurstöðu, er amtsráðið í Vesturamtinu hafði komizt að um þessi atríði, sem sje, að dýralæknirinn væri bezt settur á Hvanneyri eða í grendinni, en að því leyti, er snerti erindisbrjef handa dýralækninum, hafði nefnt amtsráð álitíð það bezt til fallið, að því yrði sleppt fyrst um sinn, að gefa út slikt erindisbrjef.

Að því leyti, er snerti bústað dýralæknisins, var það álit amtsráðsins, að hann væri bezt settur í Reykjavík eða þar í grennd.

Að því, er snertir erindisbrjef handa honum, áleit amtsráðið, að ef eigi yrði hjá því komizt, að gefa út nú þegar eitthvert erindisbrjef handa dýralæknum, þá mundu helztu ákvæði þess verða þau, að þeir væru skyldir til, að hegða sjer eptir þeim fyrirskipunum, sem nauðsynlega þyrfti að gefa út í hvert skipti til varnar því, að næm veikindi húsdýra næðu til að breiðast út, og að þeir skyldu halda löggilta bók, er þeir rituðu í öll þau tilfelli, er þeir meðhöndluðu næm veikindi húsdýra, og skyldu þeir skýra frá framkvæmdum sínum hjer að lútandi og frá meðferðinni á veikindunum. Ennfremur skyldu þeir senda eptirrit úr bók þessari til hlutaðeigandi amtmanns við lok hvers árs.

8. Forseti skýrði frá, að úrskurðum þeim, sem lagðir höfðu verið á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu fyrir 1895 hefði verið fullnægt.
9. Þá voru lagðir fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslum amtsins fyrir 1896, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskodendum sýslunefndanna og yfirfarnir af forseta ráðsins.

Reikningarnir voru þar næst úrskurðaðir og samþykktir af amtsráðinu

nema sýslusjóðsreikningurinn úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var forseta falið að úrskurða athugasemdir þær, sem gjörðar höfðu verið við reikning þennan, þegar fullnægjandi svör frá reikningshaldara væru fengin.

95

Amtsráðið ályktaði, að búa skyldi til eyðublöð undir skýrslur um verkfæra karlmenn, sem skyldu prentuð á kostnað jafnaðarsjóðs og útbýtt milli hreppstjóra.

10. Þá voru framlögð og yfirfarin eptirfarandi endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 11.—12. marz þ. á. Þar sem eigi mátti jafna niður meir en 847 kr. sem sýslusjóðsgjaldi án samþykkis amtsráðsins, vildi amtsráðið leyfa, að jafnað yrði niður 1027 kr. 18 au., sem til ætlazt væri.

Amtsráðið samþykkti ennfremur, að verja mætti 200 kr. af sýsluvegagjaldinu 1897, sem er áætlað 450 kr., til að styrkja gufubátsferðir til Víkur í Mýrdal sumarið 1897.

B. Úr Vestmannanyjasýslu frá 22. janúar þ. á. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar samþykkti amtsráðið, að sýslufjelagið mætti taka allt að því 300 kr. lán úr landssjóði til þess að bæta veginn frá kaupstaðnum upp að kirkjunni.

C. Úr Rangárvallasýslu frá 4. sept. f. á. og 29. marz til 1. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá, að hann fyrir hönd amtsráðsins hefði leyft sýslunefndinni, að taka 10000 kr. lán á síðastliðnu hausti úr viðlagasjóði til þess að bæta úr skaða þeim, sem hlotizt hefði af jarðskjálftunum og fjellst amtsráðið á þetta. Lánið skyldi endurborgast á 10 árum og ávaxtast með 4% samkvæmt landshöfðingjabrjefi, 10. sept. f. á., sem var framlagt.

Sýslunefndin hafði skorað á amtsráðsmann sýslunnar, að fylgja því máli sem fastast fram á fundi amtsráðsins, að framhaldið væri flutningsbrautinni frá Þjórsá og austur að Ytri Rangá.

Amtsráðið ályktaði, að veita þessu máli meðmæli sín, sem forseta var falið að láta þingmanni sýslunnar í tje.

D. Úr Árnassýslu frá 14. sept. f. á. og 6.—10. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt tillögum oddvita nefndarinnar hefði samþykkt, að jafna mætti niður 2400 kr. sem sýslusjóðsgjaldi, sem fer fram úr því, sem jafna mátti niður án samþykkis amtsráðsins, sem sje 2189 kr. 43 a. Amtsráðið samþykkti þetta.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins leyft Árnassýslu samskonar lántöku úr viðlagasjóði handa þeim, er beið höfðu tjón af jarðskjálftunum, sem Rangárvallasýslu. Lásupphæðin er hjer einnig 10,000 kr. og borgunarskilmálar hinir sömu.

Ennfremur skýrði forseti frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að Árnassýsla tæki 2500 kr. lán úr viðlagasjóði

landssjóðs til þess að styrkja íbúa Gnúpverjahrepps, til að koma upp nauðsynlegum húsum í stað þeirra, er hrundu í jarðskjálftunum á síðastliðnu sumri. Lánið skyldi sömuleiðis endurborgast á 10 árum auk 4% vaxta.

Amtsráðið fjellst á þessa ráðstöfun.

E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 20. nóv. f. á. og 21.–24. apríl þ.á.

F. Úr Borgartjardarsýslu frá 5. apríl þ. á.

11. Samkvæmt brjefi landshöfðingja 21. sept. 1895, viðvíkjandi eptirliti með því, að lögum 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki væri framfylgt sem bæri (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 23.—25. júní 1896, Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 119—121), ljet forseti ráðinu í tje svolátandi skýrslu, sumpart samkvæmt gjörðabókaendurritunum sumpart samkvæmt sjerstökum skýrslum sýslumanna.

A. Í Vesturskaptafellssýslu var allt í góðu lagi. Úr Hörgsdalshreppi voru reikningar nú fram komnir fyrir árin 1893, 1894 og 1895, sem áður hafði vantað, og fyrir 1896 úr öllum hinum hreppunum. Þannig vantaði nú að að eins reikning úr Hörgsdalshreppi, sem ráðið væntir, að sýslumaður vilji ganga eptir.

B. Í Vestmannaeyjasýslu var allt í lagi og hafði skýrsla, dags. 8. jan. þ. á., verið framlögð á fundi sýslunefndarinnar þar, er sýndi, að eign styrktarsjóðsins væri lögð í Söfnunarsjóð Íslands.

C. Samkvæmt brjefi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 22. sept. f. á., sem var fram lagt og þar með fylgjandi skýrslu um efnahag styrktarsjóðanna, sem hafði verið framlögð á fundi sýslunefndarinnar 4. sept. f. á., voru reikningarnir fyrir 1895 komnir til sýslumanns úr öllum hreppum sýslunnar, og fje það lagt í Söfnunarsjóðinn, sem hverjum sjóði heyrði til. Reikningurinn fyrir 1894 úr Fljótshlíðarhreppi álitur sýslumaðurinn að hafi misfarizt, en eptir reikningnum fyrir 1895 og Söfnunarsjóðsbókinni verður eigi annað sjeð, en að öllu hefði verið til skila haldið.

Samkvæmt gjörðabókarendurritinu og brjefi sýslumannsins, dags. 23. apríl þ. á., sem var framlagt. var allt í lagi að því leyti, er snerti árið 1896, nema það eitt, að tekjurnar fyrir það ár úr Eyjafjallahreppunum voru eigi komnar í Söfnunarsjóðinn.

Amtsráðið skoraði á sýslumann, að sjá um að fje þetta yrði sem fyrst lagt í sjóðinn.

- D. Skýrslur þær um efnahag styrktarsjóða fyrir 1895, sem vantaði úr Skeiðahreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Stokkseyrarhreppi í Árnassýslu voru komnar, eptir brjefi sýslumannsins, dags. 22. okt. f. á., sem var fram lagt. Að því leyti, er snerti árið 1896, vantaði skýrslur úr Selvogshreppi, Villingaholtshreppi, Gaulverjabæjarhreppi og Stokkseyrarhreppi, og skipaði amtsráðið svo fyrir, að sýslumaður skyldi ganga eptir skýrslum þessum, svo þær væru til hans komnar

fyrir 1. nív. næstkomandi og senda forseta skýrslu sína hjer að lútandi. Í skýrslunni í Hraungerðishreppi höfðu vextir eigi verið taldir frá því fyrsta, og var sýslumanni sómuleiðis lagt fyrir, að láta hreppsnefndina leiðrjetta þetta tafarlaust.

- E. Samkvæmt framlögðu brjefi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 6. jan. þ. á., voru skilríki komin til hans frá öllum hreppum sýslunnar fyrir 1895, nema úr Hafnahreppi, um það, að styrktarsjóðsfjeð væri lagt í Söfnunarsjóðinnu. Úr Grindavíkurhreppi var þá komin til sýslumanns skýrsla fyrir 1896. Í gjörðabókarútskriptinni frá aðafundi sýslunefndarinnar 21.—24. apríl þ. á., er samt svo bókað: »að skýrslurnar væru ekki svo ljósar, sem æskilegt væri, og vantaði sjer í lagi nafnaskrár«. Að því leyti er snertir 1896, voru eigi framkomnar á fundinum skýrslur úr 6 hreppum og svo voru flestar hinar framkomnu skýrslur fylgiskjalalausar.

Amtsráðið ljét í ljósi óánægju sína yfir hirðuleysi hreppsnefndanna í þessu tilliti, og fól forseta sínum, að áminna þær alvarlega og leggja sýslumanni fyrir, að heimta hinar vantandi skýrslur og skilríki svo tímanlega, að allt hjer að lútandi væri til hans komið fyrir 1. nív. næstkomandi.

- F. Samkvæmt framlögðu brjefi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 19. apríl þ. á., voru reikningar úr nokkrum hreppum Borgarfjarðarsýslu komnir, og voru þeir samþykktir nema reikningurinn úr Skilmannahreppi, sem var fylgiskjalalaus.

Sýslumaðurinn skýrir svo frá, að sjer hafi verið falið, að ganga eptir hinum vantandi reikningum og úrskurða þá, og síðan senda forseta amtsráðsins skýrslu um hag styrktarsjóðanna í öllum hreppum sýslunnar. Amtsráðið skipaði svo fyrir, að allt hjer að lútandi skyldi vera komið í röð og reglu fyrir 1. nív. næstkomandi.

12. Forseti minntist á, að amtsráðið hefði á fundi sínum 27.—30. júní 1891 (Stjórnartíð. 1891, B. bls. 139) falið hinum þáverandi forseta, að semja reglur um heilbrigðisnefndir, sem allar sýslunefndir fengju svo kost á að segja álit sitt um, og skyldu reglur þessar að því búnu leggjast fyrir amtsráðið til samþykktar.

Úr þessu hefði eigi orðið, og hefði forseta amtsráðsins þótt rjett, að taka þetta mál upp aftur.

Það, sem fyrst lá fyrir, var að kveða á um það, hvort heldur skyldi skipa sjerstakar heilbrigðisnefndir, sem minnt er á í 39. gr. 4. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, eða fela hreppsnefndunum, af hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu í hreppnum eptir reglugjörð samkvæmt 15. gr. nefndrar tilskipunar. Forseti lagði fram frumvarp til slíkrar reglugjörðar, sem hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson í Reykjavík hafði samið.

Amtsráðið ályktaði, að fela skyldi hreppsnefndunum að hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu, samkvæmt reglugjörð, er amtsráðið gæfi út í þessu skyni, en eigi stofna sjerstakar heilbrigðisnefndir. Frumvarp til slíkrar

95. reglugjörðar, sem hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson í Reykjavík hafði samið, var framlagt, og var forseta falið, að senda öllum sýslunefndunum frumvarp nefnds læknis til álita; skyldi svo málið aptur borið upp á næsta amtsráðsfundi.
13. Forseti skýrði frá þeim ráðstöfunum, sem hann hafði fyrirskipað í fyrra sumar til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu fjárkláða og útrýma honum, svo sem unnt væri, og frá árangrinum af þeim ráðstöfunum. Jafuframtr gjörði hann amtsráðinu kunnugt um þá ályktun, sem amtsráðið í Vesturamtinu hafði gjört á fundi sínum 9. og 10. þ. m., um ráðstafanir til að stemma stigu fyrir eða útrýma fjárkláða (sbr. skýrslu um fund amtsráðs Vesturamtsins 9. og 10. þ. m.) (Stjórnartíð. 1897, B. bls. 108—110). Amtsráðið fjellst á það álit, sem amtsráðið í Vesturamtinu hafði látið uppi um væntanlegar ráðstafanir gagnvart fjárkláðasóttthreinsun fjárhúsa í sumar, og um skoðanir og þaðanir á komanda hausti.
14. Forseti skýrði frá, að megn óregla hefði átt sjer stað í Gullbringu- og Kjósarsýslu að því leyti, er snerti lækningar á hundum samkvæmt reglugjörð 26. maí 1893 (Stjórnartíð. 1895, B. bls. 243), og að kært hefði verið yfir þessu fyrir landshöfðingja og lagði hann fram hjer að lútandi brjef hans, dags. 20. júlí f. á., þar sem lagt var sýslumanni fyrir, að hafa nákvæmar gætur á því, að reglugjörð þessari yrði framfylgt, og því bætt við, að hann (landshöfðingi) byggist við, að amtsráðið hefði eptirlit með því að hunda-lækningar færú fram í nefndri sýslu; var í því tilliti vitnað til niðurlags 5. gr. hennar, þar sem svo er fyrirmælt, að hreppstjórar skyldu árlega senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslu fyrir hver árslok um framgang og árangur lækninganna. Forseti hafði svo skrifað sýslumanni út af þessu, 22. júlí f. á., og 12. marz þ. á., og lagði nú fram brjef sýslumannsins, dags. 1. maí þ. á., en eptir þessu brjefi og gjörðabókarendurríti, viðvíkjandi fundarhaldi sýslunefndarinnar 21. til 24. apríl þ. á., hafði að eins í þessum hreppum sýslunnar (Kjósarhreppi, Njarðvíkur- og Hafnahreppi) verið sýnd nokkur viðleitni til þess að lækna hunda. Að endingu skýrði forseti frá því, að sýslunefndin hefði á sama fundi sínum samið nýja reglugjörð um lækningar á hundum, og væri þá vonandi, að eitthvert lag kæmist á, enda hafði því einlægt verið kennt um, að hin gildandi reglugjörð væri óhafandi.
- Amtsráðið varð að álita, að eptirlitið með lækningum á hundum ætti að vera í höndum lögregluvaldsins, og fól forseta allt eptirlit í þessu tilliti, þannig að hann kæmi fram ábyrgð gegn þeim hreppstjórum, sem framvegis vanræktu skyldu sínar í þessu tilliti, eptir 144. gr. hegningarlagna, sbr. 145. gr., og gengi eptir því, að skýrslur um framfarnar hundalækningar yrðu sendar sýslunefndinni.
15. Forseti lagði fram aptur frumvarp til reglugjörðar fyrir Vesturskaptafells-sýslu, um eyðing refa með eitri, sem amtsráðið í fyrra hafði eigi sjeð sjer fært að staðfesta eða löggilda, vegna þess að svo væri ákveðið í 8. gr. þess, að sektir skyldu falla til sýslusjóðs (sbr. skýrslu um fund amtsráðs-

ins 23.—25. júní f. á., Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 124); var nú sú breyting gjörð á þessari gr. af sýslunefndinni í tjeðri sýslu, að í stað orðanna: »sýslu-sjóð« komi: »hlutaðeigandi sveitarsjóð«.

Amtsráðið staðfesti þessa reglugjörð til þess að öðlast gildi 1. sept. 1897.

16. Ennfremur var lagt fram frumvarp til »fjallskilaákvæða til bráðabirgða, fyrir Vesturskaptafellssýslu um sauðfjármörk«, sem sýslunefndin þar hafði samið.

Amtsráðið staðfesti þessa reglugjörð til þess að öðlast gildi 1. sept. 1897.

17. Með skírskotun til þess, sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 23.—25. júní f. á., viðvikjandi frumvarpi til reglugjörðar fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafje o. fl., skýrði forseti frá því, að frumvarpið hefði verð lagað af sýslunefndinni í þá átt, sem amtsráðið hafði bent til, og að hann samkvæmt þeirri heimild, sem amtsráðið hafði veitt, hefði staðfest reglugjörð þessa til að öðlast gildi 1. maí 1897.

18. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu, að vegurinn »frá Vík yfir Reynisfjall að Dyrhólum« skyldi tekinn í tölu sýsluvega, en að »vegurinn frá Núpum inn Haga að Kárhólum, þaðan vestur úr Vatnsársundum fram hjá Litlu Heiði yfir Fall að Hvammsgörðum« verði felldur úr sýsluvegatölu.

19. Amtsráðið samþykkti sömuleiðis þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að »vegurinn frá Leirvoggsárbrú að sýsluveginum fyrir sunnan Þverárkot« yrði tekinn í tölu sýsluvega, en að »vegurinn frá Varmá að Leirvoggsá« lagður niður sem sýsluvegur.

20. Endurskoðendur lögðu fram reikningana yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, búnaðarskólasjóðs, styrktarsjóðs Þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu og eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1896, og voru þeir samþykktir án athugasemda.

21. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. apríl þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar endurnýjar beiðni hennar frá því fyrra og hitt eð fyrra (Stjórnartíð. 1895, B. bls. 195 og 1896, B. bls. 112) til landshöfðingja um, að hann ljeti hæfan mann (í hin skiptin verkfræðing landsins) skoða brúarstæði á þessum ám í sýslunni: 1. Soginu hjá Alviðru, 2. á Brúará milli Milklaholts og Spóastaða, 3. á Tungufljóti á Vatnsleysugljúfri, og 4. á Hvítá á Brúarhlöðum og gjöra áætlun um kostnaðinn við brúargjörð á nefndum stöðum.

Amtsráðið ályktaði, að bera mál þetta enn upp fyrir landshöfðingja með meðmælum sínum.

22. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefndin hafi ályktað að leggja fram fje úr vegasjóði sýslunnar, allt að 12000 kr., til vegagjörðar frá Eyrarbakka upp að Ölfusárbrú með því skilyrði, að fje þetta fái til láns úr viðlaga-

95

sjóði með aðgengilegum kjörum og að vegurinn, sem verður neðri hlutinn af flutningabraut þeirri, sem leggja skal á kostnað landssjóðs frá Eyrarbakka upp Árnassýslu, samkv. 3. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, verði að öðru leyti kostaður af landssjóði, og fullgjör fyrir næstu aldamót.

Jafnframt er leitað samþykkis amtsráðsins til þessarar fyrirhuguðu lántöku, ef til skyldi koma.

Í öðru brjefi, dags. s. d., sem var framlagt, fer sýslumaður þess á leit, að amtsráðið beini þeim tilmælum til landshöfðingja, að hann láti á yfirstandandi vori hæfan mann rannsaka umgetið vegarstæði og gjöra áætlun um kostnað við vegalagninguna.

Amtsráðið ljét uppi það álit sitt um þetta mál, að slík fjárveiting úr sýsluvegasjóði gæti eigi samrýmzt við 6. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, og sá ráðið sjer því eigi fært, að veita hið umbeðna samþykki til lántöku þessarar. Á hinn bóginn er ráðið því mjög hlynnt, að fyrirætlun sýslunefndarinnar nái fram að ganga, og áleit að bezti vegurinn til þess að koma þessari fyrirætlun fram, væri sú, að sjerstök lagaheimild fengist fyrir því, að sýslunefndinni í Árnassýslu veittist leyfi til, að verja 12000 kr. úr sýslusjóði til hins umrædda fyrirtækis, í líking við heimild þá, sem á sínum tíma var veitt sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu, með lögum 8. okt. 1883, um breyting á tilskipun 15. marz 1861, um vegina Íslandi, til þess að verja fje úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða. Með þetta fyrir augum vildi amtsráðið veita samþykki sitt til lántöku, sem gengi í þá átt, sem hjer er ráð fyrir gjört, og fól alþingismanninum úr Vesturskaptafellssýslu, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni, sem er amtsráðsmaður, að flytja þetta mál á tilstandandi þingi, en hann hefir tekið þetta góðfúslega að sjer.

Að því leyti, er snertir skoðun vegstæðis, var forseta falið að fara þess á leit við landshöfðingja, að skoðunin færi fram sem fyrst að unnt væri.

23. Forseti lagði enn fram brjef sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 27. apríl þ. á., þar sem skýrt er frá því, að sýslunefndin enn á ný (í þriðja skipti) hefði ályktað á fundi sínum 6.—10. s. m., að mælast til þess við landshöfðingja, að hann ákveði sem fyrst, hvar aðflutningabrautir eigi að liggja um sýsluna; fer sýslumaður þess á leit, að amtsráðið komi málaleitun þessari enn að nýju á framfæri við landshöfðingja.

Amtsráðið hafði bæði í fyrra og hitt eð fyrra (sbr. Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 195, og 1896, B. bls. 121) álitid, að rjettast væri að biða með þetta, þar til landshöfðingi, að fengnu álitu verkfræðings, heimtaði álit sýslunefnda og amtsráðs um þetta málefni. Amtsráðið hafði samt í fyrra ekki haft neitt á móti því, að skrifa landshöfðingja aptur um málaleitun þessa, og fara þess á leit, að hann gjörði ráðstöfun til, að ákveðið yrði, hvar leggja skyldi þessar flutningabrautir, og kvaðst forseti hafa skrifað landshöfðingja í þessa átt 26. júlí 1895 og 29. júní f. á.

Amtsráðið ályktaði, að beina þessari málaleitun aptur til landshöfðingja,



og var það tekið fram, að hjer væri átt við flutningabrautirnar frá Þingvöllum að Geysi og frá Ölfusárbrúnni upp sýsluna.

24. Í framlögðu brjefi, dags. 27. apríl þ. á., hefir sýslumaðurinn í Árnessýslu farið þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar og eptir ályktun hennar, að amtsráðið vilji beina þeim tilmælum til landshöfðingja, að hann ljeti á kostnað landssjóðs leggja klyfjafæran veg af Mosfellsheiðarveginum á tveim stöðum ofan í Seljadalinn, efst og neðst, til þess menn geti áð hestum sínum, sem eigi yrði þar í nánd annarstaðar, en niðri í dalnum, en þangað væri ófært af veginum.

Amtsráðið gat eigi sjeð, að heimild væri til þess, að verja fje úr landsjóði til slíkra vegagjörða, en vildi samt senda landshöfðingja þessa mála-leitun.

25. Í brjefi, dags. 21. apríl þ. á., sem var framlagt, hefir sýslunefndin í Árnessýslu beint beiðni frá sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli, Guðna Þorbergssyni, um 50 kr. styrk úr sýslusjóði, til amtsráðsins með þeirri áskorun, að það veitti sæluhúsverðinum þennan styrk.

Amtsráðið ályktaði, að veita sæluhúsverði Guðna Þorbergssyni 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði í þetta skipti.

26. Forseti skýrði frá, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu tæki 3000 kr. lán úr viðlagasjóði til vegagjörðar frá Reykjavíkurlandi til Hafnartjarðar, og var lán þetta veitt með þeim skilmálum, að það endurborgist og ávaxtist á næstu 28 árum með 6% af hinni upphaflegu upphæð þess.

Amtsráðið fjellst á þetta.

27. Forseti bar undir amtsráðið, samkv. 1. gr. laga 13. apríl 1894, um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaganna 17. des. 1875, erindi yfirsetukonunnar í 5. umdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu (Garðasókn), Ragnheiðar Björnsdóttur, þar sem hún fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um, að hún fái 20 kr. launaviðbót eptir aldri, sem sýslunefndin hafði neitað henni um, og var ennfremur framlagt álit sýslunefndarinnar um þetta mál.

Amtsráðið ályktaði, að afgreiða þetta mál til landshöfðingja, en fann eptir kringumstæðum eigi ástæðu til, að mæla með þessari beiðni.

28. Forseti lagði fram erindi frá dýralækni Magnúsi Einarssyni, dags. 5. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið veiti fje af jafnaðarsjóði til þess að kaupa góðan sjónauka, sem mundi kosta c. 350 kr., handa dýralæknis-embættinu í Suður- og Vesturömtunum. Forseti gat þess, að amtsráðið í Vesturamtinu hefði veitt 150 kr. í þessu skyni með því skilyrði, að amtsráðið í Suðuramtinu legði til það, sem ávantaði, til þess að fá góðan sjónauka.

Amtsráðið ályktaði, að veita allt að 200 kr. til þess að kaupa sjónaukann.

29. Forseti lagði fram brjef amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, dags. 24. maí þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að tillögur sínar um, að alls-

95

herjarbúnaðarfelag fyrir alit landið verði stofnað á þá leið, að bæði Norð-uramtíð, Austuramtíð og Vesturamtíð gengi í samfelag við búnaðarfelag Suðuramtsins eptir reglum, sem framlagt frumvarp hefir inni að halda, sem amtmaðurinn í fyrnefndu amti hafði samið til laga fyrir hið islenzka landbúnaðarfelag, yrði teknar til umræðu á fundinum. Eunnfremur var þess farið á leit, ef amtsráðið vildi sinna þessu máli, að það þá kysi fulltrúa til þess að mæta á fundi búnaðarfelags Suðuramtsins, sem verður haldinn 5. júlí næstkomandi, til þess að ræða málið og til þess ásamt nefnd, er væntanlega yrði kosin af búnaðarfelaginu og ásamt fulltrúum hinna amtsráðanna að gjöra tillögur um stofnun búnaðarfelags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið.

Jafnframt skýrði forseti frá undirtektum amtsráðsins í Vesturamtinu undir þetta mál.

Amtsráðið ályktaði að sinna þessu máli, og kaus tvo fulltrúa til að mæta á fyrgreindum fundi með umboði til þess, að taka þátt í umræðunum og í undirbúningi málsins ásamt nefnd þeirri, er væntanlega yrði kosin í þessu tilliti af búnaðarfelagi Suðuramtsins, en án nokkurs valds til þess að taka endilega ákvörðun um hluttekning í hinu fyrirhugaða búnaðarfelagi fyrir allt landið. Sem fulltrúar voru kosnir: amtsráðsmaður Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson og varaamtsráðsmaður Þorlákur alþingismaður Guðmundsson í Fífuhammi.

30. Forseti lagði fram skýrslur um kennsluna á kvennaskólanum í Reyjavík fyrir skólaárið 1896/97, og reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1895 til 31. ágúst 1896 til yfirlits.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði eptir framlagðri umsókn.

31. Þá voru lagðir fram aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina, fyrir 1896/97, reikningur yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1896/97 og reikningur yfir tekjur og gjöld kirkjunnar á Hvanneyri fyrir 1895/96, eptir að þessir reikningar höfðu verið endurskoðaðar af þeim amtsráðsmönnum, sem til þess höfðu verið kvaddir.

Að gefnu tilefni ályktaði amtsráðið, að reikningarnir skyldu framvegis miðaðir við skólaárið. Reikningarnir voru samþykktir.

Skýrsla um kostnaðinn við geymsluhús það, sem byggt hafði verið á Hvanneyri sumarið 1896, var framlögð og hafði kostnaðurinn alls hlaupið 1804 kr. 72 a., og farið nokkuð fram yfir áætlun. Húsið er 16 álna langt og 12 álna breitt.

Framlögð var skýrsla um kennsluna á skólanum skólaárið 1896/97 og skrá yfir eignir skólans 20. maí 1897.

Samkvæmt kennsluskýrslunni höfðu námssveinar verið 6 að sumrinu og 8 að vetrinum, af þeim útskrifuðust 4. Á komandi skólaári verða námsveinar að minnsta kosti 8.

Þá var framlagt frumvarp til nýrrar reglugjörðar fyrir skólann, sem stjórnarnefndin hafði samið og borið undir samþykki amtsráðsins. Ráðið ræddi þetta frumvarp ítarlega og staðfesti það nema að því leyti, er snertir fyrirhugaða lenging á skólaveru nemendanna, sem stungið var upp á, að vera skyldi 3 ár; amtsráðið varð að visu að álita, að það væri langtum heppilegra, að námstíminn væri 3 ár en 2, eins og nú er, en því þótti ísjárvert, að gjöra þessa breyting nú þegar bæði vegna þess, að þetta gæti leitt til þess að fæla menn frá því, að sækja skólann, þar sem þeir gætu lokið búfræðisnámi á 2 árum við hina aðra búnaðarskóla landsins, og svo vegna þess kostnaðarauka, sem þessi breyting á kennslufyrirkomulaginu hlýti að hafa í för með sér; á þessu yfirstandandi skólaári og á næsta skólaári væri sem sje óhjákvæmilegt að auka byggingar á skólasetrinu. Þá fyrst er þessum nauðsynlegu byggingum væri lokið, og fjárhagur skólans kominn í öruggt horf, væri rjett að ráðast í það, að lengja námstímann, enda væri þörf á, að bera sig saman við stjórnarnefndir hinna búnaðarskólanna, um þessa breytingu, sem æskilegt væri, að kæmist á við alla skólana.

Vegna þess að svo er fyrirmælt í þessari nýju reglugjörð, að amtsráðið kjósi 2 menn í stjórnarnefnd skólans og 1 til vara, voru á fundinum kosnir þessir fyrir næstu 3 skólaár, prófastur síra Guðmundur Helgason á Reykholti, hjeradslæknir Páll Blöndal á Stafholtsey, og til vara síra Arnór Þorláksson á Hesti.

Forseti lagði fram brjef skólastjóra, dags. 12. des. f. á., þar sem hann hreyfir því, að nauðsyn væri á, að byggja fjós hinum megin við hlöðuna á móti fjósinu, sem byggt hafði verið áfast við hlöðuna á sumrinu 1895, þar sem nautgriptir væru nú 28, og yrði, sem stæði, að hafa helminginn af þeim í lítt brúklegum húsum, sem eigi yrði notuð framvegis. Hafði skólastjóri skýrt frá, að hann hefði ráðið í, að panta nokkuð timbur til þessa, og að hann mundi semja áætlun um kostnaðinn við bygginguna, og leita álits stjórnarnefndarinnar um þetta, sem hún svo sendi hingað. Forseti skýrði frá, að hann í brjefi til skólastjóra, dags. 28. des. f. á., hefði látið í ljósi, að hann væri honum samdóma um, að eigi yrði hjá því komizt, að byggja nýtt fjós að vorinu til, og fjellst á fyrirætlanir og ráðstafanir skólastjóra í þessu upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins.

Síðan var framlagt brjef stjórnarnefndarinnar, dags. 20. maí þ. á., þar sem hún fellst á nefnda fjósbygging sem alveg nauðsynlega; ennfremur var það tekið fram, að nauðsyn væri á, að gjöra að suðurgaffi skólans og skyldi þá um leið gjöra skúr með fram gaffinum 12×5 álna, til þess að vera svefnherbergi og borðstofa fyrir verkafólk á sumrum. Áætlað var, að kostnaðurinn við bygging fjóssins og húsabótina yrði 2000 kr.

Ennfremur voru í sama brjefi bornar upp ýmsar tillögur um fjárveiting til skólans á skólaárinu 1897/98.

Forseti gat þess, að hann nýlega hefði ráðgæzt við skólastjóra og við timburmeistara Svein Sveinsson um framangreinda húsgjörð, og hefði þeim

95

komið saman um, að rjettara væri að lengja húsið í stað þess að byggja skúrinn og mundi þetta eigi kosta meira en 250 kr. framyfir það, sem ætlað var til skúrsins.

Amtsráðið fjellst á, að fjósið yrði byggt, og sjálfsagt skólahúsið lengt, og áætlaði til þessa alls 2300 kr.

Ennfremur samþykkti amtsráðið þessar fjárveitingar í þarfir skólábúsins:

1. Til rúmfata í 5 rúm . . . . .	kr. 400	
2. Til framhalds smíðakennslu . . . . .	— 100	
3. Til hjúalauna, verkalauna kaupafólks og daglaunamanna, kaupstaðarvarnings o. fl. . . . .	— 1400	
4. Til bókakaupa handa lærisveinum . . . . .	— 100	kr. 2000

Samkvæmt þessu var samin svo hljóðandi áætlun um tekjur og gjöld skólans 1897/98:

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar:			
a. af landssjóðsstyrknum fyrir 1897	kr. 44,00		
b. til í sparisjóði . . . . .	— 71,09		
c. úr jafnaðarsjóði fyrir 1897 . . . . .	— 1338,26	kr. 1453,35	
2. Landssjóðsstyrkur 1898 . . . . .	— 2000,00		
3. Úr búnaðarskólasjóði 1897 . . . . .	— 1660,00		
4. Úr jafnaðarsjóði 1898 . . . . .	— 1647,15		
5. Bráðabyrgðarlán úr búnaðarskólasjóði . . . . .	— 1000,00	kr. 7760,50	

## Gjöld:

1. Afborganir upp í lán og vaxtagreiðslur:			
a. Til landssjóðs . . . . .	kr. 1504,00		
b. Til landsbankans . . . . .	— 604,50		
c. Til Kirkjusjóðsins . . . . .	— 152,00	kr. 2260,50	
2. Laun skólastjóra . . . . .	— 1000,00		
3. Bygging fjóss og lenging skólahússins . . . . .	— 2300,00		
4. Til bókakaupa handa lærisveinum . . . . .	— 100,00		
5. Til framhalds smíðakennslu . . . . .	— 100,00		
6. Ýmislegt til skólábúsins:			
(Sbr. að framan) . . . . .	— 1800,00		
7. Önnur útgjöld . . . . .	— 200,00	kr. 7760,50	

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar í fardögum 1897:

## Eignir:

1. Hvanneyri með kirkjujörðum, hjáleigum og ítökum m. m. að kirkjunni sjálfri undanskilinni . . . . .	kr. 16000
Flyt:	kr. 16000

Flutt: kr. 16000

95

Frádrégið fyrir álag á jarðarhús og vöntun húsa . . . . .	— 350	kr.	15650,00	
2. Hús önnur en jarðarhús . . . . .	—		13400,00	
3. Lifandi peningur . . . . .	—		4375,00	
4. Jarðyrkjuverkfæri, þar með heyskaparáhöld	—		1395,20	
5. Bækur og kennsluáhöld . . . . .	—		178,30	
6. Smíðatöl . . . . .	—		131,25	
7. Annað lausafje . . . . .	—		2262,15	
8. Útistandandi skuldir . . . . .	—		178,85	
9. Heyfyrningar . . . . .	—		1600,00	
10. Kirkjan á Hvanneyri . . . . .	—		3800,00	kr. 42970,75

## Skuldir:

1. Óborguð lán:				
a. Úr landssjóði . . . . .	kr. 26984,15			
b. — landsbankanum . . . . .	— 4050,00			
c. — kirkjusjóði . . . . .	— 1300,00	kr.	32334,15	
2. Ýmsar skuldir . . . . .	—		529,69	
3. Mismunur . . . . .	—		10106,91	kr. 42970,75

Að endingu var forseta falið að láta fjárlaganefnd neðri deildar alþingis í tje skýrslur um ástand skólans á skólaárunum 1895/96 og 1896/97, og fara þess á leit, að skólanum yrði lagður ríflegri styrkur á hinu komandi fjárhagstímabili, en hingað til, í samanbandi við styrk þann, sem ætlaður væri hinum búnaðarskólum landsins, svo sem að minnsta kosti 4000 kr. fyrir 1898 og 3000 kr. fyrir 1899.

32. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1898.

## Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1897 . . . . .	kr.	1300,00	
2. Niðurjöfnun . . . . .	—	2930,00	kr. 4230,00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	—	600,00
2. Ferðakostnaður . . . . .	—	500,00
3. 4. afborgun upp í og vaxtagreiðsla af láni til Ölfusárbrúarinnar . . . . .	—	482,63
4. Kostnaður samkv. lögum 2. okt. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi . . . . .	—	200,00
5. Menntamál (Kvennaskólinn í Reykjavík) . . . . .	—	100,00
Flyt: kr.		1882,63

95

	Flutt: kr.	1882,63	
6. Til búnaðarskólans á Hvanneyri . . . . .	—	1647,15	
7. Ýmisleg útgjöld . . . . .	—	200,22	
8. Eptirstöðvar . . . . .	—	500,00	kr. 4230,00

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofu Suðuramtsins, Reykjavík 1. júlí 1897.

*J. Havsteen.*

96

## Skýrsla

um efnahag sýslusjóða í Vesturamtinu 1896.

### I. Strandasýsla.

#### Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. . . . .	kr. 164,26	
2. Sýslusjóðsgjald . . . . .	— 568,44	kr. 732,70

#### Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins . . . . .	kr. 462,00	
2. Eptirstöðvar til næsta árs . . . . .	— 270,70	— 732,70

### II. Ísafjarðarsýsla.

#### Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári . . . . .	kr. 1029,80	
2. Sýslusjóðsgjald . . . . .	— 2529,40	
3. Lán úr »Gjafasjóði Ellefsens til Mosvallahrepps« . . . . .	— 1500,00	
4. Aðrar tekjur . . . . .	— 348,28	
5. Skuld við reikningshaldara . . . . .	— 4,12	— 5411,60

#### Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins . . . . .	— 5411,60	
---------------------------------	-----------	--

### III. Vesturbarðastrandarsýsla.

#### Tekjur

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári . . . . .	kr. 256,02	
2. Sýslusjóðsgjald . . . . .	— 782,37	
3. Aðrar tekjur . . . . .	— 50,00	— 1088,39

#### Gjöld:

1. Kostnaður sjóðsins . . . . .	kr. 788,66	
2. Eptirstöðvar til næsta árs . . . . .	— 299,73	— 1088,39